



Bæjarskrá Reykjavíkur 1902

Aðfnr. 24487

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarskrá

Reykjavík

1902

Vejviser for Reykjavík

REYKJAVÍK

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

1902

0,80

0,80

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fatasölubúð

H. Th. A. Thomsens

hefir ávalt miklar birgðir af fatafnum mismunandi að lit og gæðum.

Menn geta komið þar inn hálf-naktir, og farið út aftur þrúðbúnir.

Í saumastofunni eru sem stendur 20 manns, sem ekki gera annað en sauma karlmannsfatnað, og gerir ekki betur en að hafa undat að sauma það, sem pantað er, enda eru allar pantanir fljótt og vel af hendi leystar.

Í fatasölubúðinni fæst alt, sem karlmanns-klæðaburði tilheyrir, t. d. hattar, húfur, skófataður, þar á meðal verkmannastígvélin alkunnu, nærfatnaður, sportpeysur, vaterproofs-regnkápur, hálslin o. m. fl.

Stefán Eiríksson

MYNDSKERI

GLASGOW

(frá 14. maí í Grjótagötu 4)

hefir ætíð fyrirleggjandi ýmsa útskornamuni, mjög hentuga í afmælisgjafir. Tekur að sér alls konar útskurð.

Stækkar myndir

eftir ljósmyndum. Dregur upp stafi, og hvað annað er menn óska.

Kennir dráttlist

og útskurð.

EYVINDUR ÁRNASON, 4 Laufásveg 4

hefir til sölu myndaramma (um 60 tegundir), alls konar myndir (olíumyndir), spegilgler, marmaraplötur á servanta, alls konar efni fyrir trésmíði svo sem mahogni, hnotvið, White-wood, fleiri teg. af spón, skraut á líkkistur o. m. fl.

ÚTVEGAR

gler í glugga og hurðir, slétt og rósad með ýmsum lit og þykktum eftir sýnishornum, er liggja frammi á vinnustofunni. Legsteina úr granit og marmara. Postulins-gler á loft. Nafnplötur. Myndir á legsteina o. m. fl.

Smíðar alls konar húsgögn

(Möbler) eftir uppdráttum, úr hvers konar efni er menn óska, hvort heldur þau eru póleruð eða máluð. Sömuleiðis smíði á gluggum og hurðum.

Líkkistur

hvergi betri né vandaðri, og ætíð til smíðaðar.

Öll vinna fljótt og vel af hendi leyst.

Bókverzlun Ísafoldarprentsmiðju.

Austurstræti 8.

Áfengi og áhrif þess	á 0,20	Jóns Olafss. ljóðmæli	- 2,00
Balslevs Biblíusögur	- 0,75	Kvæði eftir H. Blöndal	- 1,00
Barnaskóla einkunnabók ...	- 0,20	Lagasafn h. alþýðu 4 bindi hv.	- 3,00
Dönsk lesbók Sv. Hallgr. ...	- 1,30	Landafr. Erlevs, ný útg. ...	- 1,50
Dönsk lestrarb. Þorl. Bj. og B.J.	- 2,00	Ljóðmæli Ein. Hjörleifss. ...	- 1,20
Dönsk orðabók ný, bundin... heft	- 6,00	Mannkynssaga P. Melsteð ...	- 3,00
Enskukenslubók H. Briem...	- 1,00	Mestur í Heimi (H. Drumm.)	- 0,50
Farmannalög	- 0,60	Olafs saga Haraldssonar.....	- 2,50
Fjórutfu tímar í dönsku (P.E.)	- 1,30	Olafs saga Tryggvasonar.....	- 2,00
Forn sögubættir, 4 bindi, hvert	- 1,00	Passíusálmar H. P.... á 1,00	- 2,00
Garðyrkjukver Schierbecks...	- 0,60	Reikningsbók Ögm. Sig..... á	0,75
Gísla Thorarensens ljóðmæli	- 1,00	Ritreglur V. Asmundssonar	- 0,60
Grimms Thomsens ljóðmæli ...	- 0,50	Sálmabók, viðhafnarútg. á 3,00	- 4,00
Gulrófmarækt (G. Schierb.) ..	- 0,25	Síðfræði, kristileg (H. H.) ... á	3,00
Heljarslóðarorusta	- 0,80	Siglingareglur	- 0,50
Hugsunarfræði Eir. Briem...	- 0,50	Stafsetningarorðabók (B. J.)	- 0,80
Huldufólkssögur (Rvík 1901)	- 1,20	Vestan hafs og austan þrjár sögur eftir E. H.	- 1,50
Höfrungshlaup	- 0,50	(í skrautbandi)	- 2,50
Island um aldamótin (Fr.J.B.)	- 2,00	Þjóðsögur íslenzkar (O. D.)	- 1,00

og margar fleiri bækur, innlendar og útlendar.

◆ Þettað er spánýtt. ◆

Á verkstofunni í Aðalstræti 6 b eru mörg sýnishorn af þjöllum, sagarþjalir, sverðþjalir — alls konar aðrar þjalir, frá Eskilstuna og Ameríku, mjög ódýrar. Spiralborar amerískir á járn og tré. Enn fremur panta eg fyrir menn alls konar efni, járn og stál, smíðatól og járnhefla, fúkssvansa, axir, nafra, ameríska og enska, bestíkk alls konar m. m. fl.

Þjarnhéðinn Jónsson,

járnsmiður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORGARSKJALASAFN

VINDLAVERKSMÍÐJA H. TH. A. THOMSENS

20 Hafnarstræti 20.

REYNSLAN er búin að sýna það og sanna, að Thomsens innlendu vindlar reynast **fult eins vel og hinir beztu erlendu vindlar**, sem fluzt hafa til landsins; þeir sem einu sinni hafa reynt þá vilja ekki reykja aðra vindla.

Thomsens vindlar eru búnir til úr **bezta efni, sem hægt er að fá** í Havanna, Brasilú og Sumatra. Ódýrar tóbakstegundir eru ekki notaðar. Vindlarnir eru búnir til, pressaðir og þurkaðir af fagmanni, sem stundar iðn sína með mestu vandvirkni í öllum greinum. Eitt lítið atriði heimullegt við meðhöndlunina á tóbakinu gerir það að verkum, að

◆ Thomsens vindlar verða aldrei linir ◆

séu þeir ekki geymdir í því verri stað. Þennan stóra kost hafa þeir fram yfir útlenda vindla, sem ekki þola rakann á leiðinni hingað, né rakaloftið hér.

Thomsens vindlar eru til sölu með þessum nöfnum:

Havanna Rosa, stór Havanna	$\frac{1}{4}$ k.	$\frac{2}{50}$	$\frac{1}{2}$ k.	$\frac{5}{00}$	$\frac{1}{1}$ k.	$\frac{10}{00}$	st. 12 au.
Royal, meðalstærð Havanna	$\frac{1}{4}$	$\frac{2}{00}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{4}{00}$			— 10 —
Istrubelgur, meðalst. úr Havannat	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{75}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$			— 8 —
El Studio, litill, úr Havannatób.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{75}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$			— 8 —
Skuggasveinn, stór, úr Brasiliútób.	$\frac{1}{4}$	$\frac{2}{00}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{4}{00}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{8}{00}$	— 10 —
La Vega, stór, úr Brasiliútóbaki	$\frac{1}{2}$	$\frac{4}{00}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{8}{00}$			— 10 —
Fjallafífill, stór, úr Brasiliútób.	$\frac{1}{4}$	$\frac{2}{00}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{4}{00}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{8}{00}$	— 10 —
Ráðgjafinn kemur, meðalst. Brst.	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{7}{00}$			— 8 —
Rafritinn kemur, meðalst. Brstb.	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{7}{00}$			— 8 —
Geysir, meðalst. Brasiliútób.	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{7}{00}$			— 8 —
L'hombre, stór, úr Brasiliútób.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{75}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{50}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{7}{00}$	— 8 —
Capitano, stór blandað tóbak	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{50}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{00}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{6}{00}$	— 7 —
Hekla, litill úr Brasiliútób.	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{55}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{3}{00}$	$\frac{1}{1}$	$\frac{5}{00}$	— 6 —
Babies, litill, blandað tóbak	$\frac{1}{4}$	$\frac{1}{00}$	$\frac{1}{2}$	$\frac{2}{00}$			— 5 —

Hvergi eins góð vindlakaup.

Kaupmönnum og veitingamönnum gefinn mikill afsláttur í stórkaupum. Þess má geta, að hinir íslensku vindlar frá Thomsens verksmiðju eru svo mikið eftirsóttir, að stækka verður verksmiðjuna um helming hið bráðasta.

BÆJARSKRÁ REYKJAVÍKUR

1902

BJÖRN JÓNSSON

HEFIR SAMIÐ

REYKJAVÍK

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áskorun.

Viðauka, breytingar og leiðréttingar við þessa **BÆJARSKRÁ** **REYKJAVÍKUR** eru þeir, sem slíkt kynnu að geta í té látið, beðnir að gera svo vel að senda bréflaga eða afhenda

Afgreiðslu Ísafoldar

(Austurstræti 8)

áður en að því kemur, að gefa rit þetta út næst, væntanlega um næstu áramót, og munu fást þar eyðublöð undir þess háttar, ef vill, til léttis og leiðbeiningar.

EFNISSKRÁ.

I. Inngangur: Almenningsstofnanir, stjórnarvöld og félag	bls. IX—XXIV
II. Heimili og húsráðendur m fl. (eða stræta röð og húsa)	d. 1—52
Viðauki: Bæja tal og sérnefndra húsa (registur)	— 52—56
III. Nafnaskrá (í stafrófsröð)	— 56—102
IV. Atvinnuskrá	— 102—112

Bakarar og bakarabúdir	bls. 102
Bóksalar	— 103
Gullsmíðir og úrsmíðir	— 103
Járnsmiðir	— 103
Kaupmenn	— 103
Klæðsalar	— 105
Læknar	— 105
Málfærslumenn	— 105
Skípstjórar	— 105
Skósmíðir	— 107
Steinsmíðir	— 107
Söðlasmíðir	— 109
Trésmíðir	— 109

Áskorun um að tilkynna breytingar m. m.	bls. IV
Auglýsendur (nafnaregistur)	— VI
Skýringar	— VII
Viðauki og leiðréttingar	— VIII
Auglýsingar	bls. 112—144

Auglýsendaskrá.

Andersen (H.) & Sön klæðsalar ...	141	Jóhannes Jónsson skósmiður	131
Andersson (Reinh.) klæðsali	124	Jóhannes Lárusson trésmiður	126
Arinbj. Sveinbjarnarson bókkbindari	126	Jóhannes Reykdal trésmiður	130
Árni Thorsteinsson ljósmyndari....	130	Kristján Þorgrímsson kaupm	135
Ásg. Sigurðsson kaupm. (Eðinb.) 119,	134	Lárus G. Lúðvígsson skóari	118
Baðhús	129	Magnús Benjamínsson úrsmiður ...	119
Balschmidt rakari	139	Magnús Blöndal trésmiður	121
Bened. S. Þórarinnsson kaupm	135	Magnús Hannesson gullsmiður ...	133
Bjarnhéðinn Jónsson járnsmiður...	I	Magnús Ólafss. ljósm. (Pósth str. 1.)	129
Blöndal (Magn. S.) trésm.	121	Norðurland, blað — aft. á síð.spjaldi	
Bókverzlun Ísafoldarprentsmiðju. I,	133	Nýhöfn (verzlun)	114—115
— Sigf. Eymundssonar ...	125	Ólafur Runólfsson	130
— Sig. Kristjánssonar 142—143		Ólafur Sveinsson gullsmiður	126
Breiðfjörð (W. O.) kaupm.	135	Pappírsverzlun Ísafoldarprentsmiðju	136
Daniel Símonarson söðlasmiður ...	129	Pétur Hjaltsted úrsmiður	123
Eðinborg-verzlun	119, 134	Samúel Ólafsson söðlasmiður	131
Eiríkur H. Sigurðsson trésm.	123	Sigfús Eymundsson bóksali	125
Erlendur Magnússon gullsmiður ...	116	Schou, Jul., steinsm. og kaupm. 117,	130
Eyv. Árnason trésm., innan á f. spjaldi		Sighv. Bjarnason (Comm. Union) ..	128
Fischersverzlun	137	Sigurður Guðmundsson verzm. ...	129
Fornleifafélagið	121	Sigurður Jónsson kennari	129
Gísli Flunsson járnsmiður	125	Sigurður Kristjánsson bóksali 142—	143
Gísli Þorkelsson steinsm.	121	Stefán Eiríksson — innan á f. spjaldi	
Godthaab-verzlun	122	Sigurj. Ólafsson trésmiður	123
Guðjón Sigurðsson úrsmiður	144	Sunnarfari — innan á síðara spjaldi	
Guðmundur Jakobsson trésmiður ..	132	Svanlang Benediktsdóttir	126
Guðmundur Sigurðsson klæðsali... 138		Thomsen, H. Th. A., kaupm. II, 127	
Gunnar Þorbjörnsson kaupm. . 127, 130		128, 131, 133, 134, 135, 136 — inn-	
Halldór Jónsson (Nord. Brandfors.) 117		an á fyrra spjaldi, aft. á síð.spjaldi.	
Hansen, Ludvig (J. Braun)	111	Valdemar Ottesen	136
Hansen, Morten, skólastjóri	129	Waage, Jens (»Star«)	140
Hertervig, Casper, kaupm. 127, 130		Zimsen, C., konsull	113
Ísafold — innan á síðara spjaldi.		Zimsen, Jes, verzlstj. (»Nederland.«)	120
Jarðræktarfélag Reykjavíkur	121	Þorst. Jónsson járnsm., inn. á s. spjaldi	
Jens Waage (»Star«)	140	Þorvarður Þorvarðsson prentari... 117	

Skýringar og skammstafanir.

1. Taldir eru eða eiga að vera í Bæjarskrá þessari allir þeir íbúar höfuðstaðarins, sem eiga með sig sjálfir, þar með lausamenn og lausakonur.
2. Til rúmsparnadar er slept að skrá neitt um stétt eða stöðu þeirra, er teljast með tómhúsmönnum eða húskonum, með því að sú stéttin er langfjölmennust. Ella er staðan tiltekin aftan við nafnið, oftast skammstöfuð.
3. Eigendur húsa og bæja eru tilnefndir hvarvetna, með heim hætti, að eigi þeir heima annarstaðar, stendur nafn þeirra milli sviga; ella er eigandinn nefndur fyrstur húsbúanna, ef fleiri eru taldir en einn; en ef ekki er nema einn, þá er sá húseigandi. Þeir, sem eiga part úr húsi, eru auðkendir með brotatölu aftan við: $\frac{1}{2}$, $\frac{1}{3}$ o. s. frv. Ber skráin með sér, að langflestir húsráðendur í bænum eiga sjálfir íbúðarhús sín. Landssjóðseign er auðkend með L; bæjarins með R.
4. Aftan við nöfn þeirra, er leigt hafa sér pósthólf (box) í pósthússöndinni, stendur milli sviga stafl. Þeirra og tala (A 44, B 47, o. s. frv).
5. Adallega stýðst skráin við manntalið í haust 1. nóv. og sóknarmannatal dómkirkjuprestsins (með leiðréttingum þess við manntalsskrárnar). En skotið er inn í öllum þeim breytingum, er á urðu fram um áramót og vitneskja fekst um.
6. Bæjum eða kotum, svo og húsum þeim, er standa eigi við neitt stræti bæjarins, er skotið þar inn í röðina, er skemst er að þeim eða vanalegast gengið úr næsta stræti. Fyrir því er t. d. Hólakot talið næst eftir Sudurg. 13, Hlíðarhúsabæir næstir Vesturg. 26. b; Landakot látið fylgja Tungötu; Rauðará, Fúlutjörn, Laugarnesi o s frv. hnýtt aftan í Laugaveg

Til enn frekari leiðbeiningar og hægri verka er því næst skrá í stafrófsröð yfir öll nöfn slíkra bæja og sérnefndra húsa (d. 52—56), með tilvísun um, hvar þeirra er að leita í sjálfri adalheimilaskránni, þ. e. við hvaða götu.

7. Til leiðbeiningar ókunnugum þarf þess að geta, að hús í stræti hverju eru tölusett eftir þeirri reglu, að oddatölur lenti á vinstri hönd, en jafnar á hægri hönd þeim, er eftir strætinu gengur og haldi

hann vanalega leið frá Bryggjuhúsinu (í norðurenda Adalstrætis). Fyrir því eru t. d. jafnar tölur á húsaröðinni austanmegin Klapparstígs, en oddatölur vestanmegin.

8 Allmörg hús eru enn ótölusett sjálf, þótt auðkend séu með ákvedinni tölu í þessari skrá, en það er sú tala, sem þau eiga eða ættu að hafa, miðað við vanalega eða hæfilega lóðarstærð með fram götunni eða væntanlegu framhaldi hennar. Því er t. d. Landsbankinn látinn vera nr 11 í Austurstræti, hús Jóns Jakobssonar forngrípavardar nr. 28 í Þingholtsstræti, o. s. frv.

9. Þessar eru hlötu skammstafanir eða vandráðnustu:

b. = bóndi	R. = Reykjavík
e = ekkja	sm. = smíður
L = landssjóður	stb. = steinbær
lk. = lausakona	stlh. = steinhús
lm = lausamaður	tb. = torfbær.

Ekki er alstadar skýr greinarmunur milli steinbæja og steinhúsa; venjulega kallað bær, ef loft er ekkert.

Viðauki og leiðréttingar.

Hér eru nokkrir bæjarbúar, sem vart hefir orðið við að vanti í heimila- og nafnaskrána (aðalskrárnar) ófyrirsynju:

Kristján Egilsson, járnsmíður, Vesturgötu 63.

Lilja Petersen frk., Skólastræti 1.

Sesselja Sigvaldadóttir, yfirsetukona, Suðurgötu 13.

Leiðrétta þarf (talan þýðir dálk):

1, 37, 45: Bjarnasen í Bjarnesen.

13: Kaplasjólsvegur í Kaplaskjólsvegur.

32: Kristín Guðmundsd. í Kristín Guðmundsson.

50, 51: Bárúhús í Bárubúð.

60: Björn Helgason í Helgi Björnsson.

69: Guðm. Guðmundsson í Guðmundur Pétursson.

71: Framnesvegur í Framnesvegur 1.

71: Marten í Martin.

74: Arnfinnsdóttir í Arnfinnsdóttir.

95: Sveinn Gíslason í Sveinn Gestsson.

Loks eru munirnir í *Forngrípasafninu* (bls. XIV) rétt taldir **4893**.

I. Inngangur.

Aldan, félag skipstjóra og stýrimanna í Rvík, stofnað 17. febr. 1893 til «að hlyna að öllu því, sem til framfara og eflingar lýtur við fiskiveiðar, og hverju því velferðarmáli, sem einkum varðar þilskipaútgærd hér við land, og ennfremur að efla »Styrktarsjóð skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa«, samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins«. Félagatal um 80; árstíllag 3 kr. Formaður Hannes Hafliðason skipstjóri.

Alþingishúsið, reist 1881, af steini, í Kirkjustræti (14), tvíloftað, og er landsbókasafnið niðri, þingsalir og nefndarherbergi m. m. á lægra lofti, en landskjalasafn á efra. Húsið virt 110,000 kr.

Amtmannsskrifstofa, Ingólfsstræti 9, uppi, opin kl. 10—2 og 5—7. Amtm. sunnan og vestan Julius Havsteen, R. Dm.; skrifarar Franz Siemsen, Þorkell Þorláksson og Hjálmar Sigurðsson.

Aukaútsvör í Reykjavík, sem jafnað er niður eftir efnun og ástæðum, nema þetta ár 37½ þús kr. Þau voru í fyrra 32½, og í hitt eð fyrra tæp 31 þús

Banki, sjá Landsbanki.

Barnaskóli, reistur 1878, við Tjörna austanverða, tvíloftað timburhús, og leikfimiðhús að auki. Þar eru 12 skóla-

stofur og skólastjórahúsnæði að auki m. fl. Nemendur um 350, og er skift í 7 ársbekki, með framhaldsbekk, er stofnaður var síðasta haust. Námsgreinar: kristindómur, lestur, skrift, reikningur, íslenska, danska, enska, Íslandssaga, mannkynssaga, landafræði, náttúrusaga, söngfræði, söngur, dráttlist, leikfimi og handavinna [léreftasamur og prjón fyrir stúlkur; trésmíði fyrir drengi]. Skólastjóri Morten Hansen, aðstoðarkennari Sigurður Jónsson, og timakennarar 23. Skólahúsið virt 61½ þús.

Báran, sjómannafélag, stofnað 14 nóv. 1894, »til að viðhalda og auka velmegun og framfarir hinnar íslensku sjómannastéttar, efla félagsskap og samheldni meðal sjómanna og leitast við að varðveita réttindi þeirra; ennfremur að koma í veg fyrir áfengisnautn«. Félagatal 150; árstíllag 2 kr.; á sér samkunduhús (við Vonarstr.); formaður Helgi Björnsson stýrimaður.

Bibliufélagið íslenska, stofnað 10. sept. 1816, til »að sjá um, að almenningur hér á landi eigi kost á að fá jafnan bækur heil. Ritningar í svo vandaðri þýðingu og fyrir svo lágt verð, sem kostur er á« (endurskoðuð lög frá 5. júlí 1894). Félagatal 43; árstíllag 1 kr.

(æfitillag 10 kr.); sjóður rúm 18 þús. kr. Stjórnin: Hallgrímur Sveinsson, biskup, form. (sjálfkjörinn); Þórhallur Bjarnarson skrifari, Eiríkur Briem féhirðir.

Bifröst, sjá Good-Templarregla.

Biskupsskrifstofa, Vesturg. 19, opin kl. 11—2 og 4—7. Biskup Hallgr. Sveinsson, R. Dm. Biskupsskrifari Ólafur Rósenkranz.

Bládamannafélagið. (»Hið ísl. blaðamannafélag«), stofnað 4. jan 1898, »til að styðja með samtökum atvinnuveg blaðamanna (en þar með er og átt við tímaritamenn) og hvað eina, er stendur í sambandi við hann, efla viðkyrningu félagsmanna hvers við annan og auka veg og gengi heiðvirðrar blaðamensku hér á landi«. Formaður Björn Jónsson.

Bókmentafélagið, stofnað 1816 af danska málfræðingnum mikla Rasmus Kristjan Rask, með þeim tilgangi, »að styðja og styrkja íslenska tungu og bókvísi, og mentun og heiður hinnar íslensku þjóðar, bæði með bókum og öðru, eftir því sem efni þess fremst leyfa«. Árstíllag 6 kr. Stjórn þess er tvískift, önnur deildin í Reykjavík, hin í Khöfn. Sjóður þess er eftir síðasta reikningi 18,000 kr. Auk þess á það svo tugum þúsunda kr. skiftir í handritum og bókaleifum.

Forseti Reykjavíkurdeildar er *Eiríkur Briem* prestaskólakennari, ritari Þórhallur Bjarnarson prestaskólaforstöðum, féhirðir Björn Jónsson adjunkt, bóka-vörður Morten Hansen barnaskólastjóri.

Bóksalafélagið í Reykjavík, stofnað 12. jan. 1889, til samvinnu meðal bóksala landsins og stuðnings þeim atvinnuveg. Meðlimir þess eru: Björn Jónsson ritstj. í Reykjavík; Davíð Östlund prentsmiðjueigandi á Seyðisfirði; Friðbjörn Steinsson, bóksali á Akureyri; Jón Ólafsson, bóksali í Reykjavík; Sigfús Eymundsson bóksali í Reykjavík, form.; Sigurður Kristjánsson, bóksali í Rvík; Skúli Thoroddsen, ritstj. á Bessastöðum.

Útsölumenn hefir félagið nær 40 innanlands, 2 í Vesturheimi og 1 í Khöfn.

Brunabótagjald af húsum og bæjum í Reykjavík er yfirleitt 1 kr. 60 a. um árið af hverjum 1000 kr. í virðingarverði þeirra, greitt í tvennu lagi, 80 a. hvort skifti. Vátrygging húsa er lögboðin, en að eins kostar á henni fyrir bæi. Reykjavík er vátrygð í hinum »almenna brunabótasjóði« danskra kaupstaða, fyrir alls um 3,600,000 kr. nú. Gjaldið til þeirra héðan nemur nú um 6000 kr. Tala vátrygðra húseigna í kaupstaðnum, þar með bæja, er nú um 660.

Brunabótasjóði á Reykjavík nokkurn frá þeim tíma, er bærinn vátrygðir sig sjálfur að nokkru leyti, til 1895. Hann nemur nú um 11 000 kr.

Brunabótavirðingamenn fyrir bæinn eru þeir Björn Guðmundsson kaupm. og Magnús Árnason trésmiður. Mat þeirra er því að eins gilt, að bærarstjórn staðfesti.

Bræðrasjóður lærisveina hins lærða skóla í Reykjavík, stofnaður 11. des.

1846, til styrktar fátækum piltum, er nær 14,000 kr. og árleg úthlutun styrks um 360 kr.

Burðareyrir er innan lands undir almennu sendibréfi 10 a., hvert á land sem þau eiga að fara, ef ekki eru þyngri en 3 kvint, en 20 a., ef þau eru í milli 3 og 25 kvinta, og 30 a., séu þau milli 25 og 50 kvinta (þ. e. 1/2 pds.). Séu hafðir peningar innan í bréfinu verður að greiða 5 a. að auki í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 kr. eða þaðan af minna. Meðmælingargjald undir mjög áriðandi bréf er 20 a. aukreitis; þá er utanáskrift þess og þyngd skráð í bækur og póstskrár póststjórnarinnar og bréfið ekki afhent öðru vísni en gegn kvittun viðtakanda.

Bréfspjöld innanlands kosta 5 a., þ. e. pappír og burðareyrir.

Undir prentað mál í *krossbandi*, þ. e. opnum umbúðum, er burðareyrir 3 a. undir hver 10 kvint eða þaðan af minna; frá 1. júlí þ. á. (1902) þó að eins 10 a. undir pundið í blöðum og tímaritum á sumrum (15. apríl til 15. okt.), en 30 a. á vetrum.

Með landpóstum er gjald undir *lokada böglu* 30 a. pd. á sumrum (mest 5 pd.), en 25 a. hver 25 kvint á vetrum eða minna; sjóveg með póstskipum (strandf. skipum) 10 a. pd. (mest 10 pd.).

Fyrir brot úr pundi er jafnan goldið eins og heilt pd.

Innanbæjar í Reykjavík er bréfburðareyrir að eins 4 a., þótt bréfið vegi alt að 1/2 pd. og 3 a. fyrir hver 20 kvint

af prentuðu máli í krossbandi, en 5 a. hvert pd. í lokuðum böglum. Bréf eru borin um bæinn rúmhelga daga tvisvar á dag, kl. 8 1/2 árdegis og kl. 5 síðdegis, og 1 sinni á sunnudögum, árdegis; póstkassar út um bæinn tæmdir kl. 7 1/2 árd. og kl. 4 síðd.

Til Danmerkur kosta algeng sendibréf ekki þyngri en 3 kvint 16 aura, en 30 a., ef vega milli 3 og 25 kv., og 50 a., séu þau milli 25 og 50 kv. Fyrir peninga í bréfum er þangað ábyrgðargjald 25 a. á hverjar 200 kr. eða minna. Meðmælingargjald 16 a. Peningar þangað eru oftast sendir í póstávisunum. er mega nema 200 kr. til Khafnar, en 100 annað, og goldnir 20 a. undir hverjar 30 kr., mest 80 a.

Bréfspjöld til Danmerkur kosta 8 a., krossbandssendingar 5 a. hver 10 kv. (alt að 4 pd.), og lokaðir böglar ekki þyngri en 1 pd. 35 a., en 10 meira á hvert pd. úr því (alt að 10 pd.).

Til *utanríkislanda* flestra er gjald undir algeng sendibréf 20 a. hver 3 kvint, en 5 a. á hver 10 kv. í krossbandssendingum. Bréfspjöld 10 a.

Sjá ennfr. *Póstávisanir*.

Búnaðarfélag Íslands, stofnað 5. júlí 1899 (upp úr Búnaðarfélagi Suðuramtsins, er stofnað hafði verið 28. janúar 1837) til þess »að efla landbúnað og aðra atvinnuvegi landsmanna, er standa í nánu sambandi við hann«. Félagatal um 400, er greiða 10 kr. æfilangt, eða, séu það félög, til 10 ára. Fastasjóður um 30,000 kr. Stjórn: Þórhallur lek-

tor Bjarnarson forseti, Eiríkur presta-skólakennari Briem skrifari, Björn ritstjóri Jónsson féhirðir. Skrifstofa: Lækjarg. 6, opin hvern rúmhelgan dag kl. 12—2. Stjórnarfundir á mánudögum kl. 2—3.

Bygginganefnd í Rvík á að »ávísa hið nauðsynlega pláss til sérhverrar nýrrar byggingar og líka til nauðsynlegra garðrúms- og jurtagarða, samt eiga þau þannig útmældu pláz að afgirðast og nýfast innan tveggja ára útgöngu, þar þau, ef út af því bregður, aftur tilfalla kaupstaðnum«. Bæjarfóg. er formaður nefndarinnar; aðrir nefndarm. eru: Eir. Briem, Helgi Helgason kaupm., Magnús Benjamínsson og Tr. Gunnarsson. Fundi heldur nefndin á laugardögum að jafnaði.

Bæjarfógeti í Reykjavík, Halldór Daníelsson, Aðalstr. 11. Skrifstofan opin kl. 9—2 og 4—7. Skrifarar Guðm. Guðmundsson og Jón G. Sigurðsson.

Bæjargjaldkeri í Reykjavík Pétur Pétursson, Smiðjustí 7. Skrifstofa þar opin kl. 12—3 og 5—7.

Bæjargjöld í Reykjavík eða gjöld í bæjarsjóðinni fyrir utan aukaútvör eru gjöld af byggðri lóð 3 aurar af hverri ferhyrningsalín af flatarrúmi undir húsum og yngri torfbæjum en frá 1878 (eldri 2 a.), og af óbyggðri lóð 1/4 a.

Bæjarstjórn Rvíkur heldur reglulega fundi 1. og 3. hvern fimtudag í hverjum mánuði kl. 5 síðdegis, í húsinu nr. 9 á Skólavörðustíg (Hegningarhúsinu). Hana skipa 10 menn, bæjarfógeti (form.)

og 9 fulltrúar, kjörnir til 6 ára. Þeir eru nú: Guðm. Björnsson héraðsl., Halldór Jónsson bankagjaldkeri, Jón Jenson yfirdómari, Magnús Benjamínsson úrsm., Ólafur Ólafsson, Sighvatur Bjarnason bankabókari, Sigurður Thoroddsen ingenjör, Tr. Gunnarsson bankastjóri, Þórhallur Bjarnarson lektor.

Dómkirkjan í Rvík, Kirkjustr. 16, af steini, tekur um 800 manna. Messað þar eða prédikað að jafnaði tvisvar hvern helgan dag. Dómkirkjuprestur síra Jóhann Þorkelsson, f. próf., Suðurgötu 10. Organisti Jónas Helgason, Laugaveg 3. Hringjari Bjarni Mattías-son, Mels húsum. Kirkjan virt 56 1/2 þús.

Ekknasjóður Reykjavíkur, stofnaður 15. febr. 1890, með þeim tilgangi, »að styrkja ekkjur og eftirlátn hjónabandsbörn sjóðsstyrkjenda, það er: þeirra manna í Reykjavík, sem greitt hafa að minsta kosti 3 ár fast árstíllag til sjóðsins«. Tala félagsmanna um síðustu áramót 217; árstíllag 2 kr.; sjóður þá 5325 kr.; styrkur veittur fyrra ár 7 ekkjum, samtals 287 kr. Formaður er dómkirkjupresturinn, féhirðir Pétur Ó. Gíslason, ritari Sighv. Bjarnason.

Eldsvöðanefnd. 5 manna nefnd: bæjarfóg. (form.), slökkviliðsforinginn (Helgi kaupm. Helgason) og þessir 3 bæjarfulltrúar: Ólafur Ólafsson, Sighv. Bjarnason og Sigurður Thoroddsen. Hún á »að hafa umsjón og stjórn yfir slökkviliði bæjarins, semja áætlun um útgjöld til brunamála, verja því fé á sem hagnalegastan hátt, sjá um, að alt það,

sem slökkviliðið snertir, sé í sem beztri reglu« o. s. frv.

Fátækranefnd bæjarins »hefir á hendi stjórn allra fátækramála; hún sér fyrir öllum sveitarómögum, annast greftrun þeirra og lögflutning, allar bréfaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitarfélög; »hagtærir fé því, sem veitt er til ómaga og þurfamanna; semur um meðgjöf með ómögum og annast útgjöld fátækra sjóðs; hefir á hendi umsjón með húsmensku og lausamensku«. Nefndina skipar bæjarfógeti (form.) og 3 menn aðrir, er bæjarstjórn kys úr sínum flokki: Ólafur Ólafsson, Sighvatur Bjarnason, Þórhallur Bjarnarson. Dómkirkjuprestur hefir og sæti og atkvæði: á fundum nefndarinnar, þá er ræða skal um meðferð á styrk úr Thorkillisjóði, svo og um hvert annað mál, er snertir kenslu og uppeldi fátækra barna. Nefndin á reglulegan fund með sér 2 og 4. hvern fimtudag í mánuði hverjum. Áætlun útgjöld fátækra sjóðs þ. á. um 15 1/2 þús kr.

Fátækrafulltrúar eiga að »hafa sérstaklega umsjón með sveitarómögum og þurfamönnum, einkum hver í sínu hverfi, hafa nákvæmar gætur á högum þeirra. heimilisástandum og háttalagi, og stuðla að því, að þurfamenn noti efni sín með sparnaði og forsjá, leiti sér atvinnu eftir megni, og kosti kapps um að bjarga sér og sínum sem mest af rammleik sjálfs sín. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi tekin til greiðu, nema fátækrafulltrúinn í hans

hverfi styðji hana, og má ávísa honum styrknum til hagtæringar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúar skulu og gjöra sér far um, að afla nákvæmra skýrslna um aðkomna þurfamenn, er orðið hafa öðrum sveitum til þyngsla, eða hætt er við, að eigi geti haft ofan af fyrir sér í kaupstaðnum. Fátækrafulltrúar koma á fund fátækranefndarinnar svo oft sem hún óskar þess. Þessir eru nú fátækrafulltrúar, hver í sínu nágrenni: Bjarni Jónsson trésmiður (Grjótag. 14); Gíslí Jónsson í Nýlendu; Guðmundur Guðmundsson frá Vegamótum (Grettisg. 1 a); Guðmundur Þorkelsson í Pálshúsum (Bráðr. holt); Gunnlaugur Pétursson (Framnesv. 1); Jón Thorsteinsen á Grimstöðum; og Magnús Magnússon frá Ofanleiti (Ingólfsst 7).

Fiskimannasjóður Kjalarnesþings, stofnaður 1830 »handa ekkjum og börnum druknaðra fiskimanna frá Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu«, nam í síðustu árslok um 13,400 kr. Stjórnendur bæjarfógetinu í Reykjavík, dómkirkjupr., prófasturinn í Kjalarnesþingi, sýslum. í Gullbr. og Kjósarsýslu, 1 bæjarfulltrúi (Lektor Þórh. Bjarnarson), og 1 maður kosinn af amtmanni (Guðm. Guðmundsson Landakot).

Fjárhagsnefnd, bæjarfógeti (form.) og bæjarfulltrúarnir Halldór Jónsson og Jón Jenson, »veitir forstöðu öllum fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, annast reikninga, ávísar öll útgjöld, sér um stjórn féhirðis á bæjarsjóði« o. s. frv.

Forngripasafnið, stofnað 24. febr. 1863, til að safna saman íslenskum fornmenjum á einn stað í landinu. Gripirnir eru nú orðnir 1000. Safnið hefir búsnæði í Landsbankahúsinu nýja (Austurstr. 11) uppi og er almenningi til sýnis kl. 1!–12 miðvikudaga og laugardaga, og á sumrum auk þess sama tíma á mánuð Forngripavörður er Jón Jakobsson.

Fornleifafélagið («Hið isl. fornleifafélag»), stofnað 5. nóv. 1879, í þeim tilgangi, að vernda fornleifar vorar, leiða þær í ljós og auka þekking á hinum fornu sögum og síðan fedra vorra. Félagatal 29, árstíllag 2 kr. (æfitillag 25 kr.); sjóður um 200. Form. Eiríkur Briem prestaskólakennari.

Fólkstala í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi var í haust 1. nóv. kringum 6¹/₂ þús.; hún var 100 árum áður (1801) 307; en 1150 árið 1850; og um 2570 árið 1880.

Framfarafélag Reykjavíkur, stofnað 5. janúar 1889 til að auka áhuga á sjávar- og landvinnu og ýmsu öðru, sem miðar til hagsmuna jafnt fyrir einstaklinginn sem þjóðfélagið í heild sinni. Félagsmenn hátt á 2. hdr; árstíllag 1 kr.; form. Tr. Gunnarsson.

Frikirkjusöfnuðurinn í Reykjavík var stofnaður 19. nóvbr. 1899, með þeim tilgangi að efla og útbreiða *frjálsan kristindóm*. Tala safnaðarmanna alls um 1000. Fjárframlög óákveðin, en eitthvað eru allir, sem eru fullra 18 ára skyldir að gjalda. Söfnuðurinn á húslóð

sem er 6–800 kr. virði og kvenfélag í söfnuðinum á í sjóði 1450 kr. Safnaðarstjórn er 5 safnaðarfulltrúar og 3 manna safnaðarráð. Formaður safnaðarfulltrúanna er Jón G. Sigurðsson skrifari, en formaður í safnarráðinu er prestur safnaðarins, síra Lárus Halldórsson.

Good templarreglan (I O G. T.) í Rvík. eins og hún var 1. febr. 1902. Félag þetta, er fluttist hingað til lands (Akureyrar) 1884, og hefir að frumatriði í markmiði sínu «algerða afneitun allra áfengi-vökva til drykkjara», skittist í Rvík í 5 deildir eða stúkur fyrir fullorðna og 2 unglíngastúkur. Fullorðinna stúkurnar hafa reglulega fundi eitt kveld í viku hver kl. 8; árgjald er í fullorðinna stúkum öllum 3 kr. (gelst í fernu lagi) og unglíngastúkum 60 a.

1. *Bifröst*, stofnuð 8 maí 1898, félagatal 40, formaður («æðsti templar») Pétur Zophoníasson. Fundarkveld fastudaga.

2. *Dröfn*, stofnuð 11 desbr. 198, félagatal 146, form Jón Rósenkranz stud. med. Fundarkveld miðvikudaga.

3. *Einingin*, stofn. 17. nóv. 1885, félagar 320, form Jón Jónsson sagnfræðingur. Fundarkv. fimtudaga.

4. *Hlín*, stofnuð 27. jan. 1897, félagar 141, form Einar Finnsson vegfr. Fundarkveld mánudaga.

5. *Verðandi*, stofnuð 3. júlí 1885, félagar 229, formaður Halldór Jónsson bankagjaldkeri. Fundarkveld þriðjudaga.

Unglíngastúkurnar tvær undir vernd fullorðinna stúkna, heita:

1. *Svafa*, stofnuð 4. des. 1898, félagatal 74. Verndarstúkur eru Bifröst og Hlín, og gæzlumenn ungtemplaranna Helga Árnadóttir og Jónína Þorkelsdóttir. Fundartími kl. 2 á sd.

2. *Æskan*, stofnuð 10. maí 1886, félagatal 171. Verndarstúkur Einingin og Verðandi og gæzlumenn ungtemplara Aðalbjörn Stefánsson og Kristján Teitsson. Fundartími kl. 4 á sd.

Ennfremur er í félaginu til yfirdeildir (yfirstúkur) fyrir tiltekin svæði. Ein þeirra hefir aðsetu í Reykjavík og heitir:

Umdæmisstúka nr. 1. Hún var stofnuð 1890 og er formaður í henni Pétur Zophoníasson. en félagatal 30, fulltrúar úr undirstúkum.

Loks hefir yfirstjórn alls félagsins á landinu aðsetu í Reykjavík og nefnist:

Stórstúka Íslands, stofnuð 24. júní 1886. Formaður («stórtéplar») Indriði Einarsson, ritari («stórritari») Borgþór Jósefsson; 5 aðrir eru auk þeirra í stjórnarnefndinni.

Félagið á samkunduhús, er reist var 1887 við Vonarstræti.

Hafnarnefnd, er í eru bæjarfólg. (form.) og bæjarfulltrúarnir Sig. Thoroddsen og Tr. Gunnarsson, hefir á hendi umsjón og stjórn hafnarmálefna. Hún á meðal annars að sjá um, að mannvirkjum þeim, er við höfnina eru, og áhöldum þeim, er þar til heyra, sé viðhaldið og þau endurbætt.

Hafnarsjóður Rvíkur nemur 54,000 kr. Hefir í árstekjur um 6000 kr., þar af 4000 kr. skipagjöld; hitt vextir af höfudstól.

Hafnsögumenn í Rvík eru þeir Helgi Teitsson og Þórður Jónsson (Ráðag.).

Hegningarhúsið í Rvík (Skólavörðustíg 9) var reist 1872 af isl. steini. Það er hvortveggja, gæzlufangelsi fyrir Rvík, og betrunar- og tyftunarhús fyrir allt landið. Húsið er virt á 30,900 kr. Fangavörður Sigurður Jónsson.

Hjálpræðisherinn fluttist hingað 1895. Hann hefir aðsetu í Kirkjustræti 2, og hefir þar guðrækilegar samkomur. Tala hermanna í þænum um 40, flest inlent fólk. Auk þess deild á Ísafirði og önnur á Fellsströnd. Yfirmaður er Hans Chr. Bojsen dróttstjóri. *Ferðamannahæli* hefir og herinn þar í «kastala» sínum, þar sem veitt er ákaflega ódýr gisting.

Hjúkrunarfélagið, stofnað 1878, með þeim tilgangi, að gefa sængurkonum mat og nýfæddum fatnað. Félagatal 7; árstíllag 6 kr., auk matgjafa; sjóður um 160 kr. Form: landshöfðingjafrú Elín Stephensen.

Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi, reistur 1898 af dönskum Oddfellowum, fyrir nær 130,000 kr., veitir hæli 60–70 holdsveikum sjúklingum af öllu landinu. Læknir og forstöðumaður spítalans er Sæm. Bjarnhéðinsson; yfirhjúkrunarkona frk Chr. Jürgensen; ráðsmaður Guðm. Böðvarsson; ráðskona frú Kr. Guðmundsson. Heimsóknartími kl. 2–3¹/₂ á sd.

Húsaskattur í Reykjavík í landssjóð er 75 a. af hverjum fullum 500 kr. af brunabótarvirðingarverði, að frádrægnun þinglýstum veðskuldum.

Hússtjórnarskólinn, haldinn í Iðnaðarmannahúsinu, stofnaður 1. júní 1897 (af frú Elínu Eyólfsson) með því markmiði, »að leitast við að innræta þjóðinni þann hugsunarhátt, að þykja það litillmannlegt, að eyða meira en hægt er að afla, að meta hreinlæti og reglusemi fremst af öllum þeim þægingdum, er menn geta veitt sér, að reyna ný áhöld, er létt gætu vinnuna, og veita þeim meðmæli, ef þau eru að gagni«. Námsgreinar eru: matreiðsla, þvottur, reikningshald, hússtjórn; enntremur nú heilsufræði og matarefnafræði. Námsstími 3 mánuðir Tala námsmeyja að jafnaði 6. Forstöðukona frk. Hólmfríður Gísladóttir.

Hvitabandið eða »Bindindistélag íslenzkra kvenna«, stofnað 17. apríl 1895, með því markmiði, að »útrýma nautn áfengra drykkja«. Félagar um land alt kringum 200, þar á meðal 10 karlmenn, flest prestar; árstíllag 50 a. (karlm. 1 kr.) Form. frk. Þorbjörg Sveinsdóttir yfirsetukona.

Iðnaðarmannafélagið í Rvík, stofnað 3. febr. 1867, með þeim tilgangi, »að efla félagslíf meðal iðnaðarmanna, auka mentun þeirra og styðja gagnleg fyrir-tæki«. Félagatal 105, árstíllag 6 kr.; sjóður um 15,000 kr., sem felst að mestu í húseign félagsins. Iðnaðar-

mannahúsinu. Form.: Guðmundur Jakobsson

Ísfélagið við Faxaflóa, hlutafélag, stofnað 5. nóv. 1894, með þeirri fyrir-ætlun, »að safna ís og geyma hann til varðveizlu matvælu og beitu, verzla með hann og það sem hann varðveitir bæði innan lands og utan, og styðja að viðgangi betri veiðiaðferðar við þær fiskitegundir, er ábatasamast er að geyma í ís«. Hlutabréfafólga 8100 kr., í 162 hlutum á 50 kr.; síðasti árságóði nær 3000 kr, og hluthöfum úthlutað 10%. Formaður Tr. Gunnarsson.

Íþaka, lestrarfélag latínuskólapilta, stofnað 1880, til »að efla mentun og fróðleik félagsm, einkum auka þekking þeirra á mentunarástandi annarra núlifandi þjóða«. Allir skólapiltar greiða því 1½ kr. í árstíllag. Kennurum er og heimilt að vera í því, og ráða þá sjálfir tillagi sínu.

Jarðyrkjufélag Reykjavíkur, stofnað 17. okt. 1891. Vann síðasta ár 3000 dagsverk að jarðabótum; sléttaði 18 dagsláttur. Félagatal 80; árstíllag 1 kr.; sjóður um 1300 kr. Form. Þórhallur lektor Bjarnarson.

Jósefssystur (St. Josefs Söstre), kaþólskar nunnur, komu hingað 1895 og settust að í Landakoti (Túng). Þeirra ætlunarverk eru ýmis konar líknarstörf (einkum hjúkrun sjúkra) og kensla. Þær eru 7 að tölu (1 rússnesk, 1 frönsk, 1 dönsk, 4 þýzkar) og fyrir þeim Louise des Anges priórinna.

Kaupfélag Reykjavíkur, stofnað 16. apríl 1890, í því skyni, »að útvega sér fyrir peningaborgun út í hönd svo góð kaup, sem unt er, á útlendum nauðsynjavörum, svo sem öllum matvælu, kryddjurtum, kolum og steinolíu, helzt hjá kaupmönnum, sem reka hér fasta verzlun, og ennfremur af innlendum vörum á smjöri og sauðum á fæti, og kjöti«. Félagatal 65; fast árstíllag ekkert, utan 1% af því, sem keypt er. í stjórnarkostnað o. fl. Formaður Sigfús Ey-mundsson.

Kaupmannafélag Reykjavíkur, stofnað í júlímánuði 1899, með þeim tilgangi. »að efla gott samkomulag og góða samvinnu meðal kaupmanna innbyrðis og meðal kaupmannastéttarinnar og hinna ýmsu stjórnarvalda, er hafa afskipti af málum, er varða verzlun og siglingar«. Félagatal 20; árstíllag 5 kr. Formaður D. Thomsen konsúll

Kaþólska trúboðið í Landakoti (Túngata) var endurreist hér 1895 og kirkja reist 1899. Prestar þar nú F. C. Schreiber og V. Klemp Söfnuður um 30 manna, að u eðtöldum prestunum og nunnunum

Kennarafélagið (»Hið íslenska kennarafélag«) var stofnað á fundi í Rvík 23. febr. 1889, til »að efla mentun hinnar ísl. þjóðar, bæði alþýðumentunina og hina æðri mentun, auka samvinnu og samtök milli íslenzkra kennara og hlynnu að hagsmunum kennarastétturinnar í öllum greinum, andlegum og líkamlegum«. Árstíllag 2 kr. (æfitíllag

25 kr.). Sjóður nær 1000 kr. Formaður Jón Þórarinnsson skólástjóri í Hafnarfirði.

Kirkjugjald af húsum í Reykjavík til dómkirkjunnar er 0,05% (5 a. af 100 kr.) af fullum 500 kr. og þar yfir. (Ennfremur ljóstollur eftir verðlæggsskrárverði og legkaup).

Kvenfélagið (»Hið ísl. kvenfélag«, stofnað 26 jan. 1894, með þeim tilgangi sérstaklega, að réttindi kvenna á Íslandi verði aukin, og að efla menningu þeirra með samtökum og félagskape; auk þess vill félagið styrkja alt það, er horfir til framfara í landinu og leggja lið sitt til framsóknar í málum þeim, sem standa efst á dagskrá þjóðarinnar«. Félagatal um 160; árstíllag 1 kr.; sjóður 7—800 kr. Form.: frk. Þorbjörg Sveinsdóttir yfirsetukona.

Kvinnaskólinn í Reykjavík (Thorvaldsensstræti 2), stofnaður 1874 (af frú Thora Melsted) með þeim tilgangi, »að veita ungum stúlkum, einkum sveitastúlkum, sem litíð tækifæri hafa til að læra, tilsögn til munns og handa; þær sem vilja, geta lært innanhússtörf, og þá fylgir heimavist í skólanum. Fyrst að eins 1 bekkur, nú 4. Námsgreinar: íslenska, danska, enska, skrift, reikningur, dráttlist, náttúrufræði heilsufræði, söngfræði, saga, landafræði, trúfræði; klæðasáumur, léreftasáumur, skattering, baldýring, hvít bróðering, krossaumur. Tala námsmeyja að jafnaði 40 Forstöðukona frú Thora Melsted. Tímakennarar 14—16.

Landfógeti, aðalféhirðir landsins, Árni Thorsteinsson. R. og Dbm. Skrifstofa Austurstræti 20, opin kl 10—2 og 4—7. Skrifari Ólafur Jónsson.

Landsbanki Íslands, stofnaður 1. júlí 1886, samkvæmt lögum 18. sept. 1885, til »að greiða fyrir peningaviðskiftum í landinu og styðja að framförum atvinnavegganna«. Veltufé um 3½ milj., að meðtöldum sparisjóði Reykjavíkur, er áður var. Varasjóður um 150,000 kr., auk bankahúss af steini, er reist var 1898 í Austurstræti 11 og kostaði um 86.000 kr. Bankastjóri Tryggvi Gunnarsson R. Dbm.; gæzlustjórar Eiríkur Briem prestaskólakennari og Kristján Jónsson yfirdómari. Bankabókari Sighvatur Bjarnason; bankagjaldkeri Halldór Jónsson; bankaassistent Helgi Jónsson

Bankinn er opin að jafnaði kl. 11—2; bankastjórn við kl. 12—1

Landsbókasafn, í Alþingishúsinu, Kirkjustræti 14 stofnað 1818 af C. C. Rafn fornfræðing í Khöfn, og var þá kallað »Stiftsbókasafn«, hafði lengst húsnæði á efra lofti dómkirkjunnar, þar til 1881, er það var flutt í Alþingishúsið og nafninu breytt um leið. Það mun nú eiga um 60,00 prentaðra binda og 6000 handrita — þar á meðal er hið merkilega handritasafn Jóns Sigurðssonar († 1879) Yfirstjórn safnsins hefir 5 manna nefnd, form. H. Kr. Friðriksson, í yfirkennari Landsbókavörður Hallgr. Melsted; aðstoðarbókav. Jón Jakobsson. Safnið er opið fyrir almenn-

ing (lestrarsalur þess) hvern rúmhelgan dag kl. 12—2, og auk þess 3 daga í viku (md., mvd, ld.) kl. 2—3 sérstaklega til útlána

Landshöfðingjaskrifstofa, í Landshöfðingjahúsi uppi, opin kl. 9—11, 12—2 og 4—7. Landshöfðingi Magnús Stephensen, Comm. af Dbr. ¹ p. p. Landritari Jón Magnússon Skrifarar: Brynjólfur Þorláksson, Guðm Sveinbjörnsson, Þórður Jónsson.

Landsskjalasafn, stofnað 3 apríl 1882, síðan ársbyrjun 1900 í Alþingishúsinu á efra lofti og fyrir því landsskjalavörður dr. Jón Þorkelsson, opið til afnota fyrir almenning kl. 12—1 þrd., fimtud. og ld. Þar á að geyma skjöl og skjalasöfn allra embættismanna landsins, þan sem eru 30 ára eða eldri.

Landsyfirréttur, stofnaður með tilsk. 11 júlí 1800, er haldinn hvern mánu- dag kl. 10 árdegis Háyfirdómari L. E. Sveinbjörnsson, R; meðdómendur Kristján Jónsson og Jón Jónsson.

Latínuskólinn (»Hinn lærði skóli í Rvík«). Skólastjóri dr. Björn M. Ólsen, yfirkennari: Steingrímur Thorsteinsson R; fastir kennarar aðrir Björn Jónsson, Geir T. Zoëga, Pálmi Pálsson, Þorleifur J. Bjarnason, Bjarni Sæmundsson; aukakennari: Bjarni Jónsson; auk þess tímakennarar; leikfimiskenn Ólafur Rós- enkranz; söngkenn Brynjólfur Þorláksson. Skólalæknir Guðm. Björnsson. Skóla- piltar um 100. Húsið virt 77½ þás.

Laugarnesspítali sjá Holdsvæikraspítali. **Leikfélag Reykjavíkur**, stofnað 11. jan.

1897, með þeim tilgangi, »að halda uppi sjónleikum og koma þeim í sem bezt horf«. Félagatal 32; árstilag 2 kr. Formaður Þorv. Þorvarðsson prentari.

Lestrarfélag Reykjavíkur, stofnað 24. apríl 1869, með þeim tilgangi, »að veita þeim, sem í félaginu eru, tækifæri til að kynnast þeim skáldskaparritum og öðrum ritum almenns efnis, er út koma á ári hverju á Norðurlöndum, og svo einnig helztu ritum Þjóðverja, Englendinga og Frakka« Tala félagsmanna 52 (mega ekki vera fleiri); árgjald 8 kr. Formaður síra Jón Helgason presta- skólakennari

Lúðrafélagið í Reykjavík, stofnað 1876. Félagatal 8—9. Formaður og frumhöfundur Helgi kaupm. Helgason

Læknaskólinn, stofnaður með lögum 11. febr. 1876. Námstími 4½ ár. For- stöðumaður dr. J. Jónassen landlæknir; fastur kennari Guðm. Magnússon; auka kennarar Guðm. Björnsson héraðslæknir, Sæmundur Bjarnhéðinsson spítala- læknir, Björn Ólafsson augnlæknir. Ken- slan fer fram í Þinghólsstræti 25 (Spítalanum).

Lögregluþjónar bæjarins eru: Þorvald- ur Björnsson (Aðalstr. 12); Sigurður Pétursson (Þinghólsstr. 3); Friðrik Ó- lafsson næturv. (Bókhöðust. 9); Pétur Þórðarson næturv. á vetrum (Klaipar- st. 17).

Músikfélagið, stofnað 11. febr. 1897. Félagatal 20. Ekkert árstíllag. Sjóður 59 kr. Form. Brynjólfur Þorláksson söngkennari.

Náttúrufræðisfélagið, stofnað 16. júlí 1889, með þeim tilgangi, »að koma upp sem fullkomnustu náttúrusafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykja- vík« Félagatal um 150, árstíllag 1 kr., sjóður nær 1000 kr. Formaður Helgi Pétursson cand mag.

Náttúrugripasafnið, stofnað af fyr- nefndu félagi, hefir húsnæði í Doktors- húsi (Vesturg. 25) og er opið á sunnu- dögum kl. 2—3.

Niðurjöfnunarnefnd jafnar niður á bæj- arbúa í nóvembermán. ár hvert gjöldum eftir efnun og ástæðum um ár það, er í hönd fer. Niðurjöfnunarskráin liggur til sýnis almenningi 14 daga fyrir árs- lok. Kæra má útsvar fyrir nefndinni sjálfri á 14 daga fresti þaðan, og skal hún svara á öðrum 14 daga fresti; síð- an má enn á 14 daga fresti skjóta mál- inu undir bæjarstjórn til fullnaðarúrslita. Þessir eru nú í niðurjöfnunarnefnd: Kristján Jónsson yfird. (form); Pálmi Pálsson adjunkt (skrif); Guðm. Guð- mundsson fátækrafulltrúi; Hannes Haf- liðason skipstjóri; Kristján Þorgrímsson kaupmaður; Ólafur Ámundason verzlstj.; Ólafur Ólafsson prentari

Oddfellow-stúkan »Ingólfur« (I. O. O. F) stofnað í ágúst 1897, hefir húsnæði í Pósthústræti 14 b. Félagatal 49. Form Halldór Danielsson bæjar- fógeti.

Póstar fara frá Rvík þ. á. (1902) vestur, norður og austur — í þeirri á- kveðinni röð — 21, 22. og 23. maiz; 16., 17. og 20. apríl; 9., 10. og 12. maí; 1.

1. og 4. júní; 20., 21. og 23. júní; 20., 20. og 21. júlí; 11., 11. og 11. ágúst; 30. og 30. ágúst, og 1. sept.; 18., 18. og 22. sept.; 7., 7. og 9. okt.; 9., 10. og 12. nóv.; 4., 5 og 7. desbr. Til Rvíkur koma póstar 8—10 dögum eftir norðan og vestan, fyr á sumrum en vetrum; og austan (suðurlandsp) 4—7 dögum eftir.

Póstávisanir til *Danmerkur*, sem nema mega mest 200 kr. til Khafnar og 100 kr. annað, kosta 20 a. á hverjar 30 kr. eða þaðan af minna, þó mest 20 a.; til *Englands* (með Skotl og Írlandi) og *Canada*, mest 180 kr., 18 a. á hverjar 18 kr. eða minna, minst 16 a.; til *Þýskalands* mest 400 mörk eða 35 kr. 80 a., 9 a. á hverjar 18 kr. eða minna, minst 18 a. Til annarra landa, þar á meðal Noregs og Svíþjóðar, mest 360 kr eða 400 m. eða 500 fr., 18 a. á hverjar 18 kr. að 72 kr., og á hverjar 36 kr. þar yfir (minst gjald 18 a.)

Frá 1. júlí þ. á. stendur til að senda megi peninga í póstávisunum *innanlands* frá öllum póstafræðslum landsins til Reykjavíkur og þessara kaupstaða og kaupsána: Stykkishólms, Ísafjarðar, Blönduóss, Sauðárkróks, Akureyrar, Seyðisfjarðar og Eskifjarðar, svo og milli þeirra staða, fyrir 10 a. á hverjar 25 kr., mest 100 með einni ávisun.

Pósthús, Pósthússtræti 3, steinhús (áður barnaskóli Rvíkur), keypt til handa landssjóði 1898 fyrir 10,000 kr., er haft opið til afgreiðslu virka daga kl. 9—2 og 4—7; en forsálar þess opinn kl. 9—9 vegna þeirra, er þar hafa leigt sér

pósthólf (box) undir bréf til þeirra og krossbandssendingar, er þeir hafa sjálfir lykil að. Póstmeistari er Sigurður Briem, afgreiðslumaður Þorleifur Jónsson og assistentar Páll Steingrímsson og Guðni Eyólfsson.

Póstskip fara frá Rvík til útlanda 21. marz, 3. apríl*, 27. apríl, 17. maí*, 5. júní*, 17. júní, 3. júlí*, 12. júlí, 30. júlí*, 25. júlí, 26. ágúst, 29. ágúst*, 23. sept., 10. oktbr.*, 25. okt., 9. nóv. og 5. desbr. Stjórnumerkta dagana(*) fara þau kring um land, en hina beina leið til Færeyja, Skotlands og Khafnar Þó kemur skipið, sem fer 17. maí, við á 3. Austfjörðum (Seyðisf., Eskifirði, Fæskrudsf.). Aftur er í ferðinni 26. ágúst farið fram hjá Færeyjum — (Sbr. ennfr. *Strandferðabátar*).

Póstskip koma til Rvíkur þ. á. (1902) 17. marz, 29. marz*, 23. apríl, 6. maí, 29. maí*, 5. júní, 28. júní*, 1. júlí, 21. júlí*, 19. júlí, 20. ágúst*, 23. ágúst, 17. sept., 3. okt.*, 9. oktbr., 3. nóvbr*, 28. nóvbr. Kringum land koma þau stjórnumerkta dagana(*), en hina beint frá útlöndum (Kh, Skotl, Færeyjum; þó fer skip það fram hjá Færeyjum, er hér kemur 6. maí), nema kemur við í septemberferðinni á Seyðisfirði og Eskifirði. (Sbr. ennfr. *Strandferðabátar*).

Prentarafélagið, stofnað 4. apríl 1897, til »að starfa að sambeldi meðal prentara, bæta og fullkomna meðlimi sína í þeirri iðn og tryggja velmegun þeirra í framtíðinni«. Félagatal 16, árstíllag 1 kr., formaður Guðm. Magnússon.

Prestaskólinn, Austurstræti 22, stofnaður 1847. Námstími 3 ár. Forstöðumaður síra Þórhallur Bjarnarson, kennarar síra Jón Helgason og síra Eiríkur Briem R.

Reknetafélagið við Faxaflóa, hlutafélag. stofnað 15. jan. 1900 til »að veiða síld til beitu, eða hvers, sem félaginu« mætti að gagni verða, með reknetum. Tala hlutabréfa 162 á 50 kr.; sjóður rúm 7000 kr. Form.: Tr. Gunnarsson.

Reykjavíkurklúbbur, stofnaður 2 febr. 1881, »til að safna mönnum saman til sameiginlegra skemtana, og sjá fyrir því, sem yfir höfuð miðar til þess« Samkomur yfirleitt hvert miðvikudagskveld á vetrum. Félagatal 68; árstíllag 5 kr. Formaður Halldór Jónsson, bankagjaldkeri.

Sátta nefnd Rvíkur heldur fundi á þrd kl. 9 árdegis í lestrarsal Landsbókasafnsins (Alþingish.). Sáttafemenn Eiríkur Briem prestaskólakennari og H. Kr. Friðriksson, f. yfirkennari

Sjúkrasamlag Prentarafélagsins í Reykjavík, stofnað í ágústm. 1897, til »að styrkja félagsmenn í veikindum«. Félagatal 11, árstíllag 15 kr 60 a. eða 30 a. á viku — þar af greiðir vinnuveitandi $\frac{1}{3}$ —, sjóður rúmar 1000 kr. Formaður Þórður Sigurðsson.

Skattanevnd, bæjarfóg. (form.) og bæjarfulltrúarnir Halldór Jónsson og Jón Jensson, semur í októbermánuði ár hvert skrá um tekjur þeirra bæjarbúa, sem skatt eiga að greiða í landssjóð samkv. tekjuskattslögum 14. des. 1877.

Skautafélag Rvíkur, stofnað 11. nóv. 1892, með þeim tilgangi, »að vekja og styðja áhuga bæjarmanna á skautfimi«. Félagatal 126; árstíllag 1 kr. 50 a. (fyrir fullorðna); sjóður um 180 kr. Formaður Sigurður Thoroddsen.

Skóarafélagið í Rvík, stofnað 8 marz 1899, til »að koma skósmíðaðiðinni í betra horf og koma upp styrktarsjóði fyrir félagsmenn«. Félagatal 13, árstíllag 2 kr., sjóður (styrktarsj.) 400 kr. Form.: Matth. A. Matthieson.

Skógræktarfélag, stofnað 25. ágúst 1901, fyrir forgöngu C. C. Flensborgs skógræðings, til skógræðslu nærri höfuðstaðnum (við Rauðavatn) Hlutafélag (25 kr. hl.). Formaður Steingr. Thorsteinsson yfirkennari.

Skólanefnd, dómkirkjupresturinn (formaður) og bæjarfulltrúarnir Guðm. Björnsson og Þórhallur Bjarnarson, hefir »umsjón með kenslunni í barnaskólunum og öllu því, sem barnaskólann varðar«.

Slökkviliðið í Rvík. »Þegar eldsvæði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænnum vera skyldir til að koma til brunans og gjöra alt það, sem verður skipað af þeim, er ræður fyrir því, er gjöra skuli til að slökkva eldinn«. »Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eftir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól«. Slökkviliðsstjóri er Helgi kaupm. Helgason.

Stórstúka Íslands, sjá Good-Templar-reglan.

Strandferðabátar fara frá Reykjavík austur (Hólar) 15. apríl, 16. maí, 10. júní, 9. júlí, 7. ágúst, 4. sept., 3. október; og **vestur** (Skálholt) 15. apríl, 13. maí, 10. júní, 23. júlí, 25. ágúst og 26. sept.

Strandferðabátar koma til Rvíkur austan um land (Hólar) 10. maí, 6. júní, 4. júlí, 3. ágúst, 31. ágúst, 29. sept. og 30. október; og **vestan** um land (Skálholt) 10. maí, 5. júní, 16. júlí, 21. ágúst, 20. sept. og 1. nóvember.

Stúdentafélagið (Hið íslenska stúdentafélag), stofnað 14. nóvember 1871, með þeim tilgangi, »að koma á blómlegu og þjóðlegu stúdentalífi í Reykjavík« (fræða hver annan og skemta með fyrirlestrum og umræðum; glæða áhuga annarra á mentun og framförum og styðja að þeim). Félagatal 48; árstíllag 3 kr.; húsbýggingarsjóður (í Söfnunarsj.) 455 kr. Form.: Bjarni Jónsson, cand. mag.

Styrktarsjóður iðnaðarmanna í Reykjavík, stofnaður 7. apríl 1895 með 2 þús kr., í því skyni, »að styrkja iðnaðarmenn í Reykjavík, sem og ekkjur þeirra og börn«. Nú er sjóðurinn rúm 3,200 kr.; árstíllag er 1 kr. 50 a. frá þeim, sem eru í Iðnaðarmannafélaginu, en 2 kr. frá utanfélagsmönnum. Formaður Einar Finnsson vegfræðingur.

Styrktarsjóður skipstjóra og stýrsmanna við Faxaflóa, stofnaður 2. júlí 1891, til »að styrkja skipstjóra og stýrsmenn á þilskipum, sem gerð eru út til fiskiveiða í veiðistöðunum kringum

Faxaflóa, svo og ekkjur þeirra og börn«. Sjóður nálg. 4,200 kr. Stjórn sama og fyrir »Öldunni«, gjaldkeri Finnur Finnsson.

Styrktarsjóður verzlunarmanna í Reykjavík, stofnaður 24. nóvember 1867 »til að styrkja fátæka og atvinnulausa verzlunarmenn með fjárframlagi, svo og félitlar ekkjur og börn látinna félagsmanna, sérstaklega þeirra, er lagt hafa fé í sjóðinn að minsta kosti 5 ár samfleytt«. Félagatal 89; árstíllag 6 kr.; sjóður 27,866 kr. Formaður í stjórn sjóðsins er konsúll C. Zimsen, féhirðir Geir Zoëga kaupmaður.

Styrktarsjóður W. Fischers, stofnaður 28. júní 1889 með 20,000 kr. höfuðstól (dánargjof W. F. stórkaupmanns), »er verja skal af vöxtunum til styrks handa ekkjum og börnum« í Reykjavík og Gullbringusýslu, »er mist hafa forsjármenn sína í sjóinn«, og ungum sjómönnum íslenskrum þaðan »til að nema stýrsmannafraði«. Stjórnendur landshöfðingi og forstjóri W. Fischersverzlunar í Rvík.

